

Tillaga
Afgreiðsla

A 1971UHN
Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um sjálfbæra ferðaþjónustu (A 1971/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að þróa samnorrænan ramma til að meta umhverfisáhrif atvinnuvega innan ferðaþjónustu, sérstaklega á norðurskautssvæðinu og á svæðum þar sem náttúran er sérstaklega viðkvæm
- að kortleggja umhverfis- og loftslagsáhrif ferðaþjónustu á Norðurlöndum með hjálp rammans
- að gera framkvæmdaáætlun til að minnka umhverfis- og loftslagsáhrif ferðaþjónustu á Norðurlöndum

Bakgrunnsupplýsingar

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á Norðurlöndum undanfarin ár. Það hefur leitt til hagvaxtar og aukinna tækifæra í atvinnulífinu en er um leið íþyngjandi fyrir lífríkið. Íbúar víða á Norðurlöndum finna fyrir of mikilli ferðaþjónustu („overtourism“) með neikvæðum áhrifum á umhverfið og auknu álagi á innviði og nærsamfélag.

Norrænu atvinnumálaráðherrar hófu vinnu að samnorrænni ferðamálaáætlun og auknu samstarfi um ferðaþjónustu árið 2017. Norræna ráðherranefndin gerði ferðamálaáætlun fyrir tímabilið 2019–2023 sem ætlað var að auka þverfaglega pólitíska samræmingu og bæta forsendur fyrir þróun ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Eftir heimsfaraldurinn hefur mikið af norrænu samstarfi beinst að því að endurreisa ferðaþjónustuna.

Vinna ráðherranefndarinnar á þó ekki aðeins snúast um að auka samkeppnishæfi ferðaþjónustunnar og gera hana eftirsóknarverðari. Samkvæmt stefnuáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar skal samstarf um ferðaþjónustu einnig hafa það markmið að gera atvinnustarfsemi umhverfislega sjálfbæra.

Verkefnið X Nordic Travel Contest á vegum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar er einn hluti þessarar sjálfbærnivinnu, en það felur í sér að fá atvinnulífið sjálft til að greina og leysa áskoranir fyrir lífríkið. Jafnvel þótt tilgangurinn með verkefninu sé góður nægir



aukið sjálfseftirlit innan atvinnulífsins ekki til að tryggja að ferðaþjónusta verði umhverfislega sjálfbær.

Auk þess að notast við núverandi evrópska sjálfbærnisáætlanir þarf að þróa aðferðir til að mæla megi umhverfisáhrif einstakra atvinnuvega eða -greina innan ferðaþjónustu bæði staðbundið, á landsstigi og á Norðurlöndum í heild sinni. Sérstaklega mikilvægt er að rannsaka og auka umhverfislega sjálfbærni á norðurskautssvæðinu og á svæðum þar sem náttúran er sérstaklega viðkvæm.

Samkvæmt rannsókn Nínu M. Saviolidis, David Cook, Brynhildar Davíðsdóttur, Láru Jóhannsdóttur og Snjólfss Ólafssonar sem birtist í *Current Research in Environmental Sustainability* (3/2021) mæla núverandi sjálfbærnisáætlanir á borð við ETIS-ferðaþjónustuvísir framkvæmdastjórnar Evrópu ekki nægilega vel áhrif fyrirtækja eða atvinnuvega á umhverfislega sjálfbærni landa. Vísindamennirnir telja að með því að meta umhverfisáhrif tiltekinna atvinnuvega fái betri mynd af áhrifum atvinnustarfsemi á umhverfi í landinu. Við þurfum einnig að þróa sjálfbærnisáætlanir okkar frá því að mæla verkefni sem fyrirtæki ráðast í til að vernda umhverfið í að mæla áhrif af starfsemi fyrirtækja bæði staðbundið, á landsstigi og á Norðurlöndum í heild sinni.

Vísindamennirnir gefa eftirfarandi dæmi um áhrif sem samkvæmt rannsóknum þeirra á Íslandi falla auðveldlega út fyrir sjálfbærnisáætlanir: a) sértæk atriði að því er varðar umhverfislega viðkvæm svæði, s.s. átroðningur, akstur í torfærum, landrof, b) áhrif skemmtiferðaskipa, m.a. loftmengun, skólphreinsun og röskun á plöntu- og dýralífi frá farþegum sem sigla um strandlengjuna með bátum, c) áhrif frá byggingu sértækra aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og gistingu, t.d. úrgangur, efnisflutningar og losun gróðurhúsalofttegunda sem því fylgir, orku- og vatnsnotkun o.s.frv. d) áhrif af uppbyggingu ferðaþjónustu, sérstaklega með tilliti til viðkvæmra svæða og óbyggða og e) hávaðamengun í dýralífi.

Þessi dæmi sýna hve flókið málefni sjálfbærni innan ferðaþjónustu er. Við þurfum að geta mælt þessi áhrif til að geta fært ferðaþjónustuna í sjálfbærari átt.

Auk nýrra tækja til að mæla umhverfisleg áhrif ferðaþjónustu þarf framkvæmdaáætlun til að lágmarka umhverfisálag ferðaþjónustunnar á öllu svæðinu. Til að það verði gert og til að starfið skili árangri þarf Norræna ráðherranefndin að styðja og leiða saman landsbundið starf að því að bæði mæla og lágmarka umhverfisáhrif af ferðaþjónustu.

Umhverfis- og loftlagsáhrif ferðaþjónustunnar er ekki landsbundið málefni. Með auknu flugi og skipasiglingum eykst losun á öllu svæðinu. Minni líffræðileg fjölbreytni hefur áhrif þvert á landamæri. Aukin sjálfbærni í norrænni ferðaþjónustu er því samnorrænt málefni.



Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin vísar til nýrrar stuttrar rannsóknar¹ sem sýnir að ferðaþjónusta ber ábyrgð á 8% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum, sem er fjórfalt meira en upphaflega var talið. Helstu orsakavaldar losunarinnar eru flugferðir, siglingar með skemmtiferðaskipum, verslun og kvöldverður á veitingastað með innfluttum drykkjum og matvælum. Rannsóknin sýnir einnig að losun frá ferðaþjónustu hefur aukist verulega þessi ár.

Nefndin telur tillöguna bregðast við mikilvægu og áríðandi vandamáli sem Norðurlöndin hafa hag af því að efla aðgerðir og samstarf um. Flokkahópur hægrimanna lét í ljós þá afstöðu að í alþjóðlegu samhengi getum við minnkað loftlagsfótspor með því að ferðast innan Norðurlanda í stað þess að ferðast til aðra vinsælla en fjarlæggra áfangastaða og leggur til að þetta sjónarmið verði felld inn í tillöguna.

Nefndin telur Norðurlandaráð eiga að hætta að vinna áfram að þessari tillögu, í ljósi tregðu Norrænu ráðherranefndarinnar til að vinna frekar að tillögum sem þessari. Það gæti reynst mjög mikilvægt að rannsaka og kortleggja loftlagsfótspor ferðamanna. Nefndamenn létu þess getið að Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin hefði til umfjöllunar ýmsar tillögur um málefni ferðaþjónustunnar, en þessi tillaga væri frábrugðin fyrri tillögum að því leyti að meginatriði hennar væri loftslags- og umhverfisspor ferðaþjónustu og að tryggja sjálfbærni greinarinnar í framtíðinni.

Nefndarmenn lögðu áherslu á mikilvægi þess að stuðlað væri að sjálfbærri ferðaþjónustu á Norðurlöndum og sögðu áhugavert að gildistími áætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um ferðaþjónustu rynni út í lok ársins 2023 og ný slík áætlun væri væntanleg. Nefndarmenn lýstu þeirri ósk að í nýju áætluninni yrði horft til fyrirbyggjandi tilmæla.

Nefndin styður tillöguna, að undanskildu Norrænu frelsi og fulltrúa utan flokkahópa, sem styðja tillöguna ekki.

¹ [The carbon footprint of global tourism | Nature Climate Change](#)



Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Tove Elise Madland (A)
Johan Andersson (S)
Malin Larsson (S)
Åsa Karlsson (S)
Ola Elvestuen (V)
Anna Falkenberg (sb)

Emma Berginger (MP)
Krista Mikkonen (gröna)
Heikki Autto (saml)
Teitur Björn Einarsson (Sj.)
Mariane Paviasen (IA)
Lotta Johnsson Fornarve (L)